



34. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
30.-31. október 2025

Ályktun leikskólamál

Þing LÍV gagnrýnir harðlega þær grundvallarbreytingar sem mörg sveitarfélög hafa gert á leikskólastiginu og skorar á Reykjavíkurborg að hverfa frá tillögum sínum um að feta sömu leið.

Breytingarnar eiga rætur sínar að rekja til nýrrar stefnu Kópavogsbæjar frá árinu 2023 sem hefur það að markmiði að fækka þeim stundum og dögum sem börn dvelja í leikskóla. Ný rannsókn Vörðu – rannsóknastofunnar vinnumarkaðarins á áhrifum Kópavogsmóðelsins sýnir fram á óánægju vinnandi foreldra, aukna togstreitu milli atvinnu og umönnunar og aukið álag á konur.

Almennir leikskólar, þar sem gjaldtöku er stillt í hóf, eru grunnstoð velferðarsamfélagsins. Þeir ýta undir atvinnupátttöku (ekki síst kvenna), draga úr fátækt, ýta undir jöfnuð, hafa jákvæð áhrif á hagvöxt, styrkja samfélög og draga úr streitu og áhyggjum hjá barnafólki. Þær breytingar sem eru að verða á leikskólastiginu eru skref í ranga átt, enda leggja þær aukna greiðslubyrði á foreldra og gjaldskrár eru svo flóknar að það þarf að útbúa sérstakar reiknivélar til að foreldrar viti hver mánaðargjöldin eru. Rétt er að taka fram að barnabætur eru tekjutengdar á Íslandi og þing LÍV hafnar með öllu tekjutengingum leikskólagjalda. Tekjutengingar geta dregið úr atvinnupátttöku og vinna gegn kjarabótum sem stéttarfélög berjast fyrir í kjarasamningum.

Íslenskir leikskólar þróuðust upphaflega sem dagvistunarheimili sem gegndu ólíkum hlutverkum: uppeldislegum, félagslegum og þjóðhagslegum. Þeir eru mikilvægar mennta- og uppeldisstofnanir, en líka íverustaður barna meðan foreldrar þeirra sinna vinnu. Breytingar á leikskólum hafa því víðtæk áhrif á samfélagsgerðina.

Þing LÍV áréttar að leikskólamál eru kjaramál og aðgengi að leikskólum er grundvöllur þess að foreldrar geti sinnt launavinnu. Með verðstýringu og félagslegum þrýstingi er verið að þröngva foreldrum til að stytta vistunartíma barna sinna í þeim tilgangi að leysa fjármögnunarvanda sveitarfélaganna. Í stað þess að bæta starfsaðstæður á leikskólum, og nýta til þess reynslu þeirra leikskóla sem nú þegar eru framúrskarandi, er áskorunum leikskólastigsins velt yfir á foreldra. Þessar breytingar koma harðast niður á fullvinnandi foreldrum ungra barna sem er sami hópur og ber þyngstar byrðar vegna ófremdarástands í húsnæðismálum.

Þing LÍV áréttar að þær breytingar sem eru að verða á leikskólastiginu hafa aldrei fengið umfjöllun í lýðræðislegum kosningum. Þær ganga þvert gegn loforðum



Þingskjal nr. 15

34. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna

30.-31. október 2025

sveitarfélaga í tengslum við síðustu kjarasamninga, en þá tók launafólk á sig lágar launahækkanir gegn því að hið opinbera legði ekki frekari álögur á launafólk. Engu að síður hafa sum sveitarfélög hækkað leikskólagjöld um tugi prósent. Þing LÍV krefst þess að sveitarfélög leiti annarra leiða til að koma til móts við breytingar í umhverfi leikskóla, enda ber þeim skylda til að standa við loforð sem gefin voru í tengslum við síðustu kjarasamninga.